

# Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

*Ársskýrsla stjórnar og  
reikningar félagsins*

**Aðalfundur  
Mánudaginn 25.febrúar 2019**



## Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
3. Reikningar félagsins fyrir 2018
4. Lýst stjórnarkjöri
5. Kosningar
6. Framlag í vinnudeilusjóð
7. Fjárfestingarstefna FVSA 2019
8. Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs
9. Önnur mál



# Efnisyfirlit

<b>Ársskýrsla stjórnar .....</b>	<b>4</b>
Kjaramál .....	5
Þing og ársfundir 2018 .....	6
Aðalfundur FVSA 2018 .....	6
Fundir stjórnar FVSA .....	7
Trúnaðarráð og trúnaðarmenn .....	8
Þing ASÍ .....	9
Þing ASÍ-UNG .....	10
Fulltrúaráðsfundur Alþýðusambands Norðurlands .....	11
Ársfundur Stapa .....	11
Starfsdagur trúnaðarmanna 2019 .....	11
Orlofshús og orlofsmál .....	13
Sjúkrasjóður .....	14
Starfsmenntasjóður .....	15
Önnur verkefni á árinu .....	16
<b>Ársreikningar .....</b>	<b>24</b>

# Ársskýrsla stjórnar

## Starfssvæði félagsins

Undir starfssvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni flokkast Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu.

Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Pingeyjarsýslu falla einnig undir starfssvæði þess. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagsgjald FVSA er 1% af öllum launum.

## Félagatal og atvinnuleysi félagsmanna

Félagsmenn eru samtals 2.657, þar af eru 375 lífeyrisþegar. Konur eru 60% af félagsmönnum og karlar 40%. Atvinnuleysi meðal félagsmanna var minna í ár heldur en í fyrra. Að meðaltali greiddu 52 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins, flestir í mars (56) en fæstir í desember (42).

### Helstu styrkir úr félagsjóði:

Jólaaðstoð – 500.000 kr.

Aðrir styrkir – 79.800 kr.

## Uppstillingarnefnd 2018-2019:

Anna María Elíasdóttir, Anna Kristín Árnadóttir og Harpa Þorvaldsdóttir.

## Félagslegir skoðunarmenn 2018-2019:

*Aðalmenn:* María Ingadóttir og Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir.

*Varamenn:* Margrét Brynjólfsdóttir og Einar Hjartarson.

## Kjörstjórn 2018-2019:

Elín Anna Guðmundsdóttir, Helga Eymundsdóttir og Harpa Þorvaldsdóttir.

*Til vara:* Jónas Þór Sveinsson og Eydís Bjarnadóttir

## Fulltrúar frá félaginu í stjórn

- Eiður Stefánsson í stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ, SVS, í fulltrúaráði fyrir Bjarg íbúðafélag
- Jón G. Rögnvaldsson í stjórn orlofsbyggðar Illugastöðum.
- Halldór Óli Kjartansson varamaður í stjórn Símei.
- Eydís Bjarnadóttir aðalmaður í stjórn Fjölsmiðjunnar.
- Margrét Júlía Óladóttir í stjórn ASÍ-UNG.

## Kjaramál

Kjaramálin voru mikið til umræðu á árinu 2018. Í febrúar sl. var boðað til formannafundar ASÍ og var þar eitt mál á dagskrá, hvort segja ætti upp kjarasamningum en þá var ljóst að forsendur kjarasamninga voru brostnar að mati ASÍ og því var heimild til uppsagnar fyrir lok febrúar. Í atkvæðagreiðslunni sem fram fór á formannafundinum þurfti bæði meirihluta fundarmanna sem fóru með atkvæði á fundinum og meirihluta þess atkvæðavægis sem að baki þeim standa. Þar sem ekki náðist meirihluti fundarmanna var tillaga um uppsögn samninga felld. Formaður FVSA greiddi atkvæði gegn uppsögn samkvæmt vilja samningarnefndar FVSA.

Þriðjudaginn 2. október hittist stjórn og trúnaðarráð FVSA á fundi til að útbúa kröfugerð félagsins vegna komandi kjaraviðræðna. Kröfugerð félagsins var unnin upp úr skoðanakönnun sem Gallup framkvæmdi fyrir FVSA og sköpuðust miklar umræður um efnið. Að lokum náðist samkomulag um kröfugerð FVSA en hana má nálgast á heimasíðu félagsins. Einnig var samþykkt að fela Landssambandi íslenskra verslunarmanna samningsumboð FVSA.

Fimmtudaginn 4. október var haldinn félagsfundur FVSA í Hofi á Akureyri. Róbert Farestveit, hagfræðingur ASÍ, kom á fundinn og fjallaði um efnahagshorfur og þróun vaxta-, húsnæðis- og barnabóta. Næst kom Hanna Þórey Guðmundsdóttir frá Gallup og fór yfir niðurstöður skoðanakönnunar sem Gallup framkvæmdi fyrir FVSA. Síðan var borin upp ályktun sem var samþykkt á fundinum. Hægt er að lesa ályktunina í heild sinni á heimasíðu FVSA.

Samningafundir við SA hófust svo í byrjun desember. LÍV og VR voru saman við samningaborðið þar til nokkrum dögum fyrir jól en þá vildi VR vísa kjaradeilunni til sáttasemjara. LÍV taldi allt of snemmt að vísa á meðan aðilar væru að tala saman og þar með skyldu leiðir. Viðræður LÍV og SA hafa haldið áfram á árinu 2019 og þegar þetta er ritað eru margar hugmyndir upp á borðum um breytingar á kjarasamningnum, mis góðar að vísu og líklegt að LÍV muni vísa til sátta fljótlega.

### Stjórn FVSA 2018 – 2019

Eiður Stefánsson - Formaður

Anna María Elíasdóttir - Varaformaður

Sigríður Stefanía Stefánsdóttir - Ritari

Jón Grétar Rögnvaldsson - Gjaldkeri

Anna Kristín Árnadóttir – Meðstjórnandi

Varamenn: Halldór Óli Kjartansson, Agnes Reykdal og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson.



**Uppi frá vinstri:** Sigríður S. Stefánsdóttir, Jón G.

Rögnvaldsson, Anna K. Árnadóttir. **Niðri frá vinstri:**

Anna M. Elíasdóttir, Eiður Stefánsson.

## Þing og ársfundir 2018



### Aðalfundur FVSA 2018



*Fjölmennt á aðalfundi félagsins í fyrra.*

Aðalfundur félagsins var haldinn mánudaginn 26. febrúar sl. í Menningarhúsinu Hofi. Ágætis mæting var á fundinn og byrjað var á því að bjóða fundargestum upp á súpu og brauð en síðan hófst fundurinn á ræðu formanns, Eiðs Stefánssonar, þar sem hann fór yfir ýmis mál sem snúa að stéttarfélaginu. Eiður fór því næst yfir skýrslu stjórnar félagsins fyrir árið 2017 en skýrsluna er að finna á heimasíðu FVSA. Í skýrslunni kom fram að þá voru félagsmenn 2.664, þar af 361 lífeyrisþegi og konur í töluverðum meirihluta félagsmanna eða 61% en karlar 39%. Helstu styrkir á árinu voru 500.000 kr. í jólaaðstoð til hjálparsamtaka á Eyjafjarðarsvæðinu og 60.000 kr. í aðra styrki. Kosið var um ýmis mál tengd félaginu, s.s. breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs, breytingar á styrkjum til félagsmanna, ásamt hefðbundnum



aðalfundarstörfum. Hermann Brynjarsson fór svo að lokum yfir reikninga félagsins. Eftir að fundi var slitið söfnuðust fundargestir af fundum Félags málmíðnaðarmanna og Sjómannafélags Eyjafjarðar saman á fund FVSA til að hlusta á Ara Eldjárn sem var með uppstand og fólk skemmti sér konunglega.



*Ari Eldjárn vakti mikla kátínu gesta á fundinum.*

## **Fundir stjórnar FVSA**

Á fyrsta fundi stjórnar FVSA á árinu 2018 var verkaskipting stjórnarinnar fyrst á dagskrá og niðurstaðan varð sem hér segir:

*Varaformaður:* Anna María Elíasdóttir

*Gjaldkeri:* Jón G. Rögnvaldsson

*Ritari:* Sigríður Stefanía Stefánsdóttir

*Meðstjórnandi:* Anna Kristín Árnadóttir.

Samþykkt var að varaformstjórn og starfsfólk myndu sitja fundi stjórnar.

***Alls voru haldnir 10 fundir í stjórn FVSA en fundargerðir má sjá á heimasíðu félagsins.***

## Trúnaðarráð og trúnaðarmenn

Það fóru alls sjö trúnaðarmenn á vegum FVSA á fjögur trúnaðarmannanámsskeið sem haldin voru á árinu 2018. Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn og varamenn í stjórn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Fimm þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn ásamt fimm varamönnum. Átta félagsmenn og fjórir til vara sem trúnaðarmenn félagsins kjósa árlega úr sínum hópi.

*Fjórir fundir voru haldnir í trúnaðarráði FVSA en fundargerðir má sjá á heimasíðu félagsins.*

### Aðalmenn í trúnaðarráði 2018:

Agnes Reykdal

Anna Guðmundsdóttir

Anna Kristín Árnadóttir

Anna María Elíasdóttir

Arnbjörg Jónsdóttir

Bára Waag Rúnarsdóttir

Eiður Stefánsson

Erla Bjarnadóttir

Halldór Óli Kjartansson

Hallveig Stefánsdóttir

Hanna Sigríður Magnþórsdóttir

Helga Eymundsdóttir

Helgi Sveinbjörn Jóhannsson

Ingvar Gunnarsson

Jón Grétar Rögnvaldsson

Jón Haraldur Lárusson

Kristín Hjaltalín

Laufey Ingadóttir

Margrét Brynjólfsdóttir

Margrét Júlía Óladóttir

Sigríður Stefanía Stefánsdóttir

### Til vara í trúnaðarráði 2018:

Anna Hafdís Jóhannesdóttir

Áslaug Júlíusdóttir

Bergþóra Jóhannsdóttir

Hulda Björnsdóttir

Júlía G. Poulsen

Katrín Guðrún Pálsdóttir

Sigrún Baldursdóttir

Sigurbjörg Gunnólfsdóttir

Sigurlaug Stefanía Einarsdóttir



## Þing ASÍ

Fulltrúar FVSA voru Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Helgi Sveinbjörn Jóhannsson, Margrét Brynjólfsdóttir og Margrét Júlía Óladóttir, sem kom inn á þingið sem stjórnarmaður í ASÍ-UNG.

Þing ASÍ var í alla staði málefnalegt og vel skipulagt. Unnið var í fimm nefndum sem skiptust í: Tekjuskipting og jöfnuður, jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs, tækniþróun og skipulag vinnunnar, heilbrigðisþjónusta og velferðarkerfið og húsnæðismál.



Fulltrúar FVSA á þinginu.

Niðurstöður úr þessari málefnavinnu er að finna á heimasíðu ASÍ undir: 43. þing ASÍ. Í júní varð það ljóst að ný forysta innan ASÍ yrði kjörin þegar Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, ákvað að gefa ekki kost á sér aftur til formanns. Drífa Snædal var kjörin nýr forseti ASÍ með 65,8% atkvæðum og Vilhjálmur Birgisson var kjörinn 1. varaforseti með 59,8% atkvæða. Kristján Þórður Snæbjarnarson var kjörinn 2. varaforseti en ekkert mótframboð kom á móti Kristjáni.

*Einnig var kosið í miðstjórn ASÍ og niðurstaðan var svohljóðandi:*

Finnbogi Sveinbjörnsson með 90,9% atkvæða, Björn Snæbjörnsson 86,9%, Berglind Hafsteinsdóttir 86,5%, Valmundur Valmundsson 84,4%, Halldóra Sveinsdóttir 84,0%, Eiður Stefánsson 83,3%, Sólveig Anna Jónsdóttir 83,3%, Hilmar Harðarson 78,9%, Ragnar Þór Ingólfsson 76,4%, Harpa Sævarsdóttir 73,5%, Kristín María Björnsdóttir 70,5% og Helga Ingólfssdóttir með 61,1% atkvæða.

*Kosning varamanna fór sem hér segir:* Anna Marjankowska, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Kolbeinn Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Borgþór Hjörvarsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Friðrik Boði Ólafsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Gils Einarsson, Konráð Alfreðsson, Daníel Örn Arnarson, Aðalsteinn Baldursson og Ólafur Reimar Gunnarsson.

## Þing ASÍ-UNG



*Margrét Júlía Óladóttir, fulltrúi FVSA, var kjörin í stjórn ASÍ-UNG.*

Fimmta þing ASÍ-UNG var haldið föstudaginn 14. september. ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks á aldrinum 16-35 ára, innan verkalýðshreyfingarinnar, sem sér til þess að hagsmunamál ungs fólks á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins.

Eins og fyrr segir var málþing um hlutverk stéttarfélaganna og þær áherslur sem ungt fólk vill sjá í komandi kjarasamningum einn af hápunktum þingsins. Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins; Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, fluttu erindi og tóku síðan þátt í pallborðsumræðum ásamt tveimur stjórnarmönnum ASÍ-UNG, Eiríki Þór Theódórssyni og Hafðisi Ernu Ásbjarnardóttur.



*Margrét Júlía Óladóttir og Arnbjörg Jónsdóttir voru fulltrúar FVSA á þingi ASÍ-UNG.*

Miklar umræður sköpuðust varðandi stöðu ungs fólks á vinnumarkaði og er ljóst að fulltrúum finnst að víða megi gera betur til að styrkja stöðu þessa hóps. Fulltrúar FVSA á þingi ASÍ-UNG voru Arnbjörg Jónsdóttir og Margrét Júlía Óladóttir en Margrét var kjörin í stjórn ASÍ-UNG.

## Fulltrúaráðsfundur Alþýðusambands Norðurlands

Fulltrúaráðsfundur Alþýðusambands Norðurlands var haldinn föstudaginn 28. september að Illugastöðum í Fnjóskadal. Fjölbreytt dagskrá var á fundinum með mörgum áhugaverðum fyrirlesurum. Fulltrúar FVSA voru Eiður Stefánsson og Jón G. Rögnvaldsson.

## Ársfundur Stapa

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn miðvikudaginn 9. maí í Menningarhúsinu Hofi. FVSA auglýsti eftir félagsmönnum sem greiða í Stapa til að vera fulltrúar félagsins en því miður var ekki mikill áhugi að mæta til ársfundar og hafa áhrif á sín mál. Fulltrúi félagsins var Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

## Starfsdagur trúnaðarmanna 2019

Starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn á Hótel KEA fimmtudaginn 17. janúar og voru þátttakendur um 30 talsins. Jóna Finndís Jónsdóttir og Kristín Hilmarsdóttir, frá Lífeyrissjóðnum Stapa, komu og voru með fræðslu um lífeyrissjóðinn og lífeyrissparnað. Geir Hólmarsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri, kom og var með áhugaverðan fyrirlestur um sköpun. Eiður Stefánsson, formaður FVSA, fór yfir stöðuna í kjaramálum. Á fundinum fór fram kosning þar sem trúnaðarmenn völdu átta aðalmenn og fjóra varamenn úr sínum röðum í trúnaðarráð fyrir starfsárið 2019-2020.



*Fjölmennt á starfsdegi trúnaðarmanna á Hótel KEA í janúar.*

### Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum 2019-2020:

#### Aðalmenn

Anna Guðmundsdóttir	VÍS
Anna Hafdís Jóhannesdóttir	Kjörbúðin Dalvík
Áslaug Júlíusdóttir	Eimskip
Bára Waag Rúnarsdóttir	Hagkaup
Erla Bjarnadóttir	Höldur hf.
Gestur Gunnar Björnsson	N1
Ingvar Gunnarsson	Byko
Jón Haraldur Lárusson	Húsasmiðjan

#### Varamenn

Hallveig Stefánsdóttir	Grófargil
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen	Kjörbúðin Ólafsfirði
Katrín Guðrún Pálsdóttir	CCEP
T. Anna Petra Lindberg	Rúmfatalagerinn



## Orlofshús og orlofsmál

Engar breytingar voru á framboði orlofshúsa milli ára. Sumarið 2018 var félagið með á leigu Flókalund í Vatnsfirði á Barðaströnd og Einarstaði á Héraði. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr.12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.

Félagið hefur fest kaup á sjöttu íbúðinni í Reykjavík í Mánatúni 13. Íbúðin er 129 fm. með 2 svefnherbergjum og tekur 6 manns í gistingu. Íbúðin er fallega innréttuð og búin öllum þægindum eins og allar hinar íbúðirnar.

Viðhaldsverkefni voru að þessu sinni aðallega í íbúðum okkar í Reykjavík. Íbúðirnar voru málaðar, gardínur lagaðar og hljóðdempandi plötum komið fyrir í lofti íbúða. Framundan er viðhald í Skógarseli og hugsanlega á Illugastöðum.

Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 330 sinnum á árinu 2018, Illugastaðir og Skógarsel voru leigðir út 155 sinnum og leigubústaðir 29 sinnum.

Um 18% félagsmanna er að nýta sér orlofshús eða íbúðir.

	2015	2016	2017	2018
<b>Vika að eigin vali og útilegukort</b>	1.790.583 kr.	2.042.770 kr.	2.199.500 kr.	2.807.636 kr.
<b>Gistimiðar</b>	641.400 kr.	449.600 kr.	432.300 kr.	249.200 kr.
<b>Flugmiðar</b>	114.000 kr.	690.000 kr.	906.000 kr.	1.125.000 kr.

Aðsókn í gistimiða hefur dregist saman á meðan aukinn áhugi hefur verið á niðurgreiddum flugmiðum. FVSA greiðir flugmiða niður um 3000 krónur. Í boði voru 100 orlofsstyrkir (eða vika að eigin vali) að upphæð 25.000 krónur og útilegukortin voru 25.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á sumarleigu 2019. Umsóknarfrestur um orlofshús, útilegukort og viku að eigin vali er til 25. mars 2019. Síðasti dagur til að greiða orlofshúsabókun fyrir sumarleigu er 8. apríl 2019. Ef greiðsla hefur ekki borist fyrir tilsettan tíma fellur bókunin niður. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2019 og vetrarleigu 2019 til maíloka 2020, á félagavef 10. apríl kl.12:00.

## Sjúkrasjóður



Meirihluti stjórnar sjúkrasjóðs. Frá vinstri: Signý Sigurðardóttir, Stefán Jónsson, Þórdís Bjarnadóttir og Guðmundur L Helgason.

Stjórnin hélt sex fundi á starfsárinu. Í stjórn eru: Eiður Stefánsson, Guðmundur L Helgason, Þórdís Bjarnadóttir, Signý Sigurðardóttir og Stefán Jónsson. Til vara eru þær Kristín Þorgilsdóttir, Hafdís Pálsdóttir og Svanfríður Sigurðardóttir.

### Sjúkradagpeningar

Heildargreiðslur í sjúkradagpeninga voru 44.044.774 kr. fyrir árið 2018 sem er 42% aukning á milli ára. Alls voru greiddir 171 mánuður í sjúkradagpeninga til 66 einstaklinga. 86% af þeim eru konur og 42% þeirra sem fá greidda sjúkradagpeningar eru þrítugir og yngri.

### Styrkir úr sjúkrasjóði

Í heildina voru greiddir styrkir upp á 26.310.940 kr., samtals 1663 styrkir til 920 félagsmanna.


	2017	2018	Mismunur
Dánarbætur	550.000 kr	1.500.000 kr	950.000 kr
Gler	1.632.896 kr	1.529.535 kr	-103.361 kr
Krabbameinsleit	669.314 kr	796.124 kr	126.810 kr
Heyrnartæki	20.000 kr	75.000 kr	55.000 kr
Lasik	332.960 kr	329.481 kr	-3.479 kr
Líkamsrækt	15.500.579 kr	14.593.158 kr	-907.421 kr
Nudd utan TR	1.629.721 kr	665.051 kr	-964.670 kr
Sálfræðipjónusta	899.896 kr	1.361.531 kr	461.635 kr
Glasa-/tæknifrjóvgun	165.000 kr	249.800 kr	84.800 kr
Sjúkraþjálfun	4.937.641 kr	4.001.744 kr	-935.897 kr
Sjúkranudd/hnykk utan TR		1.016.516 kr	1.016.516 kr
Aðrir styrkir	140.000 kr	193.000 kr	53.000 kr
Styrkir alls	26.478.007 kr	26.310.940 kr	-167.067 kr

## Starfsmenntasjóður

Áramótin 2017-2018 hækkuðu styrkir úr starfsmenntasjóðum SVS og SV.

Félagsmaður með laun sem eru jöfn eða hærri en byrjunarlaun afgreiðslufólks á nú rétt á hámarksstyrk kr.130.000 á hverju almanaksári en ef laun eru lægri er greitt hlutfall af styrknum. Áður var hámarkið 90.000 kr. Greitt er í dag 90% af reikningi að hámarki en réttur hvers og eins var 75%. Uppsafnaður styrkur til starfsnáms getur orðið að hámarki 390.000 kr. en var áður 270.000 kr. Nú er tómskundastyrkur að hámarki 30.000 kr. en var áður 20.000 kr. Hámarksferðastyrkur hefur einnig hækkað, í 40.000 en var áður 30.000 kr.

Styrkir fóru úr 18,2 milljónum árið 2017 í 28,4 milljónir fyrir síðasta ár. Þetta er veruleg hækkun eins og sjá má, eða aukning um 55%. Alls voru greiddir 473 styrkir til 410 einstaklinga.



### Skipting styrkja eftir fjölda:

<i>Annað nám</i>	fjöldi	114
<i>Ferðakostnaður</i>	fjöldi	6
<i>Framhaldsnám</i>	fjöldi	111
<i>Háskólanám</i>	fjöldi	122
<i>Íslenska fyrir útlendinga</i>	fjöldi	17
<i>Tómskundánám</i>	fjöldi	65
<i>Starfstengt símenntunarnám</i>	fjöldi	30



## Önnur verkefni á árinu



### **Ferð trúnaðarmanna og fulltrúa í stjórnun og ráðum FVSA.**

Farið var í árlega ferð með trúnaðarmönnum, trúnaðarráði og stjórnun FVSA föstudaginn 1. júní sl. Lagt var af stað frá Alpýðuhúsinu kl. 18:00 og ferðinni fyrst heitið í Bogfimisetrið við Austursíðu. Þjálfari við Bogfimisetrið og aðstoðarmaður hans tóku á móti hópnum og fræddi hann um ýmis öryggisatriði sem þarf að hafa í huga í bogfimi áður en hópurnir tók til við að skjóta. Eftir að hafa skotið nægju sína í Bogfimisetrinu hélt hópurnir áfram út á Hauganes þar sem sest var að snæðingi á Baccalá bar. Fíllinn kom og var með pub quiz fyrir hópinn þar sem var mikið hlegið. Heimkoma var um miðnætti.



*Félagmenn voru ekki lengi að ná réttu töktunum í Bogfiminni.*

## Vinningshafar í skoðanakönnun FVSA



Vinningshafarnir Harpa Hafbergsdóttir og Ásdís Jóhannsdóttir ásamt starfsmönnum FVSA.

Útdregnir vinningshafar vegna skoðanakönnunar FVSA voru fimm talsins. Heiða Guðrún Vigfúsdóttir, fékk helgarleigu á bíl hjá Bílaleigu Akureyrar; Harpa Hafbergsdóttir, fékk 20.000 kr. gjafabréf hjá Air Iceland Connect; Eydís Ósk Pétursdóttir, fékk 40.000 kr. gjafabréf hjá Air Iceland Connect; Jenný Mirra Ringsted, fékk 20.000 kr. gjafabréf hjá Ormsson; og Ásdís Jóhannsdóttir fékk 30.000 kr. gjafabréf hjá Ormsson. Félagið óskar vinningshöfum til hamingju með vinningana og þakkar frábæra þátttöku í skoðanakönnuninni.

## LÝSA – Upplýsandi hátíð um samfélagsmál



LÝSA – upplýsandi hátíð um samfélagsmál var haldin í Hofi á Akureyri dagana 7. – 8. september 2018. Markmið hátíðarinnar er að hvetja til uppbyggjandi skoðanaskipta milli almennings, félagasamtaka og stjórnmalafólks. Á LÝSU gefst tækifæri

til að varpa ljósi á málefni, eiga samtal við almenning og ráðamenn og leita eftir stuðningi við ýmis hagsmunamál. Starfsfólk félagsins auk annarra stéttarféлага var til viðtals í Hofi báða dagana. Að auki buðu stéttarfélögin og VIRK upp á viðburði.

Þó nokkuð af fólki mætti báða dagana bæði á viðburði og til að taka umræðuna. Hátíðin, sem hét áður Fundur fólksins, var nú haldin í fjórða sinn hér á landi.



## 1. maí hátíðarhöldin



Mikið fjölmenni safnaðist saman í ágætis veðri á Akureyri til að taka þátt í kröfugöngunni, sem stéttarfélagin á Akureyri standa árlega fyrir í tilefni af 1. maí, alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Einnig var góð mæting í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð. Kjörorð dagsins voru; **Sterkari saman.**



Gengið var frá Alþýðuhúsinu, gegnum miðbæinn að Ráðhústorgi og svo niður í Menningarhúsið HOF, þar sem fram fór hátíðardagskrá í tilefni dagsins. Heimir Kristinsson, varaformaður Byggiðnar, flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Guðný Helga Grímsdóttir, húsasmiður og formaður Félags fagkvenna, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði, þar sem Birkir Blær og Vandræðaskáld fóru á kostum. Að dagskrá lokinni var boðið upp á glæsilegt kaffihlaðborð.

## Leikhúsförð 2018



Laugardaginn 10. mars sl. bauð félagið, ásamt SE, FMA, RSÍ, og VM, lífeyrisþegum félaganna og trúnaðarmönnum hjá félaginu á leikritið: *Sex í sveit*, sem Leikfélag Hörgdæla sýndi á Melum í Hörgárdal. Rétt um 50 manns nýttu sér boðið en eftir sýningu var síðan farið á kaffihlaðborð í Þelamerkurskóla. Dagurinn var í heild sinni frábær skemmtun og allir glaðir með ferðina.



*Fólkið gæddi sér á góðu kaffi og kökum í Þelamerkurskóla eftir sýningu.*



## Tökum brúna – Kvennaráðstefna ASÍ



Kvennaráðstefna ASÍ; *Tökum brúna*, var haldin í 6. skiptið dagana 5. og 6. apríl 2018 á Hótel Norðurljósum við Bláa lónið. Markmið ráðstefnunnar er að bæta tengslanet kvenna í verkalýðsbaráttunni. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var: **Sannarlegt lof er ekki um of**. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um hlutverk kvenna í verkalýðsbaráttunni, um óbeina mismunun sem sést í lágum launum kvennastétta, baráttu hinsegin fólks á vinnumarkaði, hverju hefur verið áorkað almennt, hvað má betur gera, o.fl.



Frá vinstri: Helga Eymundsdóttir, Katrín Guðrún Pálsdóttir, Hulda Björnsdóttir, Bergþóra Jóhannsdóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir og Harpa Þorvaldsdóttir.

Um 50 konur frá fjölmörgum aðildarfélögum alls staðar af landinu mættu á ráðstefnuna. FVSA sendi sex fulltrúa á þessa ráðstefnu en það voru dömurnar á meðfylgjandi mynd sem fóru fyrir hönd FVSA á ráðstefnuna.

## Ungir leiðtogar í Brussel 2018

Ungir leiðtogar er námskeið sem ætlað er ungu fólki með það að markmiði að fræða það um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, hvort sem er á vinnustaðnum eða á breiðari vettvangi. Námskeiðið er sniðið að ungum félögum í verkalýðshreyfingunni, trúnaðarmönnum, starfsmönnum stéttarfélaganna og ungu fólki í trúnaðarráðum.



### Frá Guðrúnartúni 1 til Brussel

Námskeiðið samanstendur af þremur námslotum sem miða að því að styrkja ungt fólk í verkalýðshreyfingunni og gera því kleift að koma röddum ungs fólks á framfæri, á vinnustaðnum, innan hreyfingarinnar og úti í samfélaginu. Með námskeiðinu gefst ungum félögum kostur á að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk. Síðast en ekki síst er námskeiðinu ætlað að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks, þvert á starfsgreinar og landshluta.

Fyrsta lota var 22. – 23. mars í Guðrúnartúni 1, önnur lota 26. – 27. apríl, einnig í Guðrúnartúni 1 og þriðja lota 24. – 27. maí aðeins lengra frá, eða í Brussel, Belgíu.



## Hefði ekki getað farið með betri mannskap með sér út

Fulltrúi FVSA á námskeiðinu var Margrét Júlía Óladóttir, sem kjörin var í stjórn ASÍ-UNG á árinu.

Margrét Júlía, sem er aðeins 20 ára gömul, hefur tekið mjög virkan þátt í starfsemi félagsins undanfarið, þ.á.m. verið trúnaðarmaður, sótt

trúnaðarmannanámskeið og setið í trúnaðarráði. Margrét var að sækja námskeiðið í fyrsta skiptið og segir námskeiðsloturnar hafa verið stórskemmtilegar en langt út fyrir þægindarammann. Á námskeiðinu var spuni og ræðukennsla m.a. tekið fyrir ásamt fyrirlestrum og heimsóknum til allra helstu verkalýðssamtaka í Brussel.



Margrét Júlía Óladóttir.

*„Umsjónarmenn námskeiðsins voru yndislegir og ekki skorti verkefni sem voru algjörlega út fyrir kassann. Síðasta lotan var haldin í Brussel í lok maí, þar sem þétt en góð dagskrá tók við og mjög upplýsandi fyrirlestrar. Bara frábært og upplýsandi námskeið að baki. Keyrslan var mikil en ég hefði varla getað farið með betri mannskap. Takk fyrir mig,“* segir Margrét um reynsluna.

## Illugastaðadagurinn



Í tilefni að liðin voru 50 ár frá opnun orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum var haldinn sérstakur Illugastaðadagur sunnudaginn 9. september 2018 í blíðskaparveðri. Allir voru velkomnir og til sýnis voru nokkur hús í byggðinni, ókeypis í sund og boðið var uppá kaffi, kleinur og grillaðar pylsur. Félagið var með opið hús í húsi nr. 12 þar sem þó nokkrir mættu til að skoða og spjalla.



## Skrifstofur og þjónusta

*Skrifstofa félagsins er opin alla virka daga frá 08:30 til 16:00.*



**Eiður Stefánsson**  
*Formaður*



**Eydís Bjarnadóttir**  
*Afgreiðslu- og  
fræðslufulltrúi*



**Kristín Þorgilsdóttir**  
*Skrifstofustjóri*



**Harpa Þorvaldsdóttir**  
*Þjónustufulltrúi*

Aðalskrifstofa Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er á Akureyri. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,6 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélag sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%.

Almenn starfssemi var hefðbundin á árinu, félagsmenn eru duglegir að hafa samband við skrifstofu félagsins og fá aðstoð varðandi kaup og kjör. Félagsmenn nýta sér vel þá þjónustu og það framboð sem félagið býður upp á í orlofshúsum, íbúðum í Reykjavík, gistimiðum og inneignarbréfum í flug. Það er markmið stjórnar FVSA og starfsmanna að veita félagsmönnum okkar góða þjónustu.

**Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni**

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3-4
Áritun skoðunarmanna .....	5
Yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag .....	6
Rekstrarreikningur Félagssjóðs .....	7
Efnahagsreikningur Félagssjóðs .....	8
Rekstrarreikningur Sjúkrasjóðs .....	9
Efnahagsreikningur Sjúkrasjóðs .....	10
Rekstrarreikningur Orlofssjóðs .....	11
Efnahagsreikningur Orlofssjóðs .....	12
Rekstrarreikningur Vinnudeilusjóðs .....	13
Efnahagsreikningur Vinnudeilusjóðs .....	13
Samandreginn rekstrarreikningur .....	14
Samandreginn efnahagsreikningur .....	15
Sjóðstreymi .....	16
Skýringar og sundurliðanir .....	17-22

# Skýrsla stjórnar

---

## Megintilgangur félagsins

Félagið er stéttarfélag verslunar- og skrifstofumanna á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu vestan Vaðlaheiðar.

## Starfsemin á árinu

Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Í árslok voru fullgildir félagsmenn 2.657 talsins, þar af voru 375 ekki gjaldskyldir. Konur eru 60% af félagsmönnum og karlar 40%.

Laun formanns félagsins námu á árinu 2018 kr. 10.304.715 og laun stjórnar og varastjórnar kr. 2.116.500.

## Reikningsskilaaðferðir og fjárhagsstaða

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hagnaður félagsins 28 mkr. og eigið fé í árslok nam 657,2 mkr.

## Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018.

Akureyri, 18. febrúar 2019

## Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Benedikt Steinar  
Anna María Elíasdóttir  
Sigríður Stefánna Stefánssd.  
Jón G. Þórnvaldsson  
Anna Kristín Árnadóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

